

Ávarp rektors Háskóla Íslands, Jóns Atla Benediktssonar.

Grósku,

föstudaginn 28. maí kl. 14:00

Góðan daginn og verið hjartanlega velkomin á lokadag Snjallræðis.

Það er mér sönn ánægja að fá að vera með ykkur hér í dag og bjóða ykkur velkomin í Grósku, suðupott nýsköpunar hér í Vatnsmýrinni. Á tímum sem þessum er gott að geta komið saman og fagnað stórum áfanga en um leið mikilvægt að huga að sóttvörnum, þrátt fyrir nýtilkomnar tilslakanir - passa upp á grímunotkun á meðan á viðburði stendur og eins að huga að fjarlægðarmörkum. Mig langar líka að bjóða ykkur velkomin sem eruð að fylgjast með okkur í gegnum beint streymi frá viðburðinum og vona að þið eigið eftir að njóta þess að taka þátt í deginum með okkur.

Gróska er mikilvægur hluti af Vísindagörðum en megin markmið þeirra er að efla samstarf háskóla og atvinnulífs svo skapa megi kjöraðstæður fyrir nýsköpun sem er drifin áfram af rannsóknum og þekkingu.

Það er því afar vel við hæfi að Snjallræði hafi verið valinn staður hér í Grósku en auk þess að vera uppspretta lausna við áskorunum samtímans grundvallast hraðallinn á mikilvægu samstarfi háskólasamfélagsins, borgarinnar, stjórnvalda og atvinnulífs.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur stutt ötullega við hraðalinn allt frá upphafi, fyrst í gegnum Nýsköpunarmiðstöð sem var framkvæmdaaðili að hraðlinum fyrstu tvö árin, og nú með beinum stuðningi við samfélagssprota Snjallræðis 2021. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála- iðnaðar og nýsköpunarráðherra, er með okkur hér í dag og ætlar að fá að ávarpa teymin í Snjallræði og segja nokkur orð.

Þórdís Kolbrún, gjörðu svo vel.

Ég þakka ráðherra kærlega fyrir þessi góðu orð.

Háskóli Íslands er einn af stofnaðilum Snjallræðis og gegnir veigamiklu hlutverki í allri þróun hraðalsins. Snjallræði er jafnframt afrakstur mikilvægs samstarfs Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar sem standa sameiginlega að baki Höfða friðarseturs sem starfar innan Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, en setrið hefur leitt verkefnið allt frá upphafi. Það er því afar ánægjulegt að borgarstjóri skuli vera með okkur hér í dag og mig langar að bjóða velkominn

á svið Dag B. Eggertsson en hann ætlar að fá að segja nokkur orð áður en við fáum að kynnst teyminum betur sem tóku þátt í Snjallræði í ár.

Ég þakka borgarstjóra kærlega fyrir erindið.

Við fáum nú tækifæri til þess að kynnst teyminum átta sem tóku þátt í Snjallræði í ár en þau eiga það öll sameiginlegt að leggja sjálfbærni til grundvallar í sinni kjarnastarfsemi og vilja leiða mikilvægar samfélagsbreytingar okkur öllum til heilla.

Ég mun kynna hvert teymi upp á svið en nöfn teymanna munu jafnframt birtast á glæru hérna til hliðar ásamt sérstökum QR kóða - en með honum getið þið aflað ykkur enn frekari upplýsinga um teymin og þeirra helstu markmið og starfsemi.

Áður en ég kynni fyrsta teymið á svið langar mig að fá að þakka öllum þeim sem koma að Snjallræði. Í ár eru það Icelandic Startups sem hafa séð um framkvæmdina á hraðlinum, í samstarfi við Höfða friðarsetur, en auk þeirra, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar eru það atvinnuvega- og nýsköpunarráðneytið, Listaháskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni sem standa að Snjallræði. Það er þó ekki síst fyrir tilstilli okkar öfluggu bakhjarla að hraðallinn er haldinn en án Landsvirkjunar, Deloitte, Össurar og Marel værum við ekki hér í dag.

Fyrir hönd Háskóla Íslands og Höfða friðarseturs langar mig að þakka fyrir þetta öflugna samstarf.

Nú hefjast kynningar.

Takk kærlega fyrir frábærar kynningar og fyrir ykkar framlag til samfélagsins. Við hlökkum til þess að fylgjast með ykkur áfram í framtíðinni.

Áður en við ljúkum þessum viðburði langar mig að bjóða Kristínu Soffíu Jónsdóttur á svið en hún tekur við sem framkvæmdastjóri Icelandic Startups nú um mánaðamótin af Salóme Guðmundsdóttur. Kristín Soffía ætlar að fá að segja nokkur orð í tilefni af því en í beinu framahldi af hennar ávarpi fáum við að heyra örlítið meira um Snjallræði frá þeim Auði Örlygsdóttur, verkefnastjóra Höfða friðarseturs, og Sunnu Höllu Einarsdóttur, fjármálastjóra Icelandic Startups. Þær hafa séð um framkvæmdina á hraðlinum í ár og ætla að segja okkur í örstuttu máli frá Snjallræði og ferðalaginu sem teymin hafa fengið að taka þátt í á undanförunum misserum.

Um leið og ég býð Kristínu Soffíu velkomna á svið langar mig að þakka kærlega fyrir mig og vonast til þess að sjá ykkur sem flest að ári.

